

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 17

Dags. 12.11.2014

Brunavarnanefnd. 12.11.2014
Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

17. fundur.

12. nóvember 2014 kl. 16:09

Fundarstaður: Skrifstofa Skútustaðahrepps

Fundarmenn:

Arnór Benónýsson, Þingeyjarsveit, formaður

Helga A. Erlingsdóttir, Þingeyjarsveit, fundarritari

Bjarni Höskuldsson, slökkviliðsstjóri

Lárus Björnsson, varaslökkviliðsstjóri

Friðrik Jakobsson, Skútustaðahreppi

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps

Dagskrá: sbr. hér að neðan

Formaður setur fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Staða mála.

Formaður gaf slökkviliðstjóra orðið. Bjarni slökkviliðsstjóri greindi frá því að nauðsynleg er að endurnýja brunabíl Skútustaðahrepps. Fulltrúar Skútustaðahrepps vilja fá kostnaðaráætlun varðandi bílakaup, slökkviliðsstjórum falið að ganga í það. Arnór formaður sagði frá uppbyggingu slökkviliðsins undanfarin ár eða síðan samstarf hófst milli sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Margt hefur áunnist þennan tíma, s.s. þjálfað slökkvilið og bættur tækja- og húsakostur. Þá greindi formaður stöðu samninga við Landsvirkjun um þjónustu vegna virkjunarframkvæmdir á Þeistareykjum .

Slökkviliðsstjóri ræðir stöðu slökkviliðsins og framtíðarsýn, hvað varðar slökkviliðið, búnaðinn, og verkefnum sem alltaf er að fjölga.

2. Endurskipulagning slökkviliðanna og vinna við sameiningu þeirra.

Formaður óskar eftir að slökkviliðstjórnir, Bjarni og Lárus gangi frá því að sameina slökkviliðin eins og samþykkt hefur verið og vinna að skipulagningu sameinaðs slökkviliðs.

3. Fjárhagsáætlun 2015

Yfirfarin staða áætlunar 2014 og drög að áætlun 2015 – sem þarf að vinna betur.

4. Önnur mál.

Ræddir möguleikar á því hvort slökkviliðið gæti tekið að sér sjúkraflutninga á svæðinu.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 17:55